

Ljósmynd/Bjargey Ólafsdóttir

Úr sýningunni Ljúfar sælustundir í París.

Íslenskar ljóskur í París

Á LAUGARDAGSKVÖLD kl. 20 opnar Bjargey Ólafsdóttir myndlistarsýninguna „Ljúfar sælustundir í París" í gallery @hlemmur.is í Þverholti 5 í Reykjavík.

Sýningin er skyggnimyndasýning sem Kristján Eldjárn hefur samið tónlistina við, en Kristján hefur áður samið tónlistina við kvikmynd Bjargeyjar „Falskar tennur".

Verkið vann Bjargey í París þegar hún dvaldi þar í Kjarvalsstofu.

„Verkið er um íslenskar ljóskur og franskan karlmann," útskýrir listakonan.

– Eru myndirnar settar á svið?

„Það er spurning."

– Eru þetta heimildarmyndir á einhvern hátt?

„Nei, eiginlega ekki. Þetta er frekar hugarburður um Íslendinga að skemmta sér í útlöndum, þegar þeir lenda í ruglástandi."

– Er húmor ríkjandi í verkinu?

„Fólk verður að dæma um það sjálft. Kannski smáhæðni þar sem ég er að vinna út frá frönsku klisjunni um norrænu konuna," segir Bjargey, en konan er yfirleitt sterkari aðilinn í verkum hennar.

– Er tónlistin íslensk eða frönsk?

„Hún er eins frönsk og hún getur orðið miðað við aðstæður. Að sögn tónskáldsins eru frumstef tónsmíðarinnar sótt í meginviðfangsefni melódíuþingsins í Aberdeen árið 1994."

Sýningin rúllar stöðugt allan tímann og gallery @hlemmur.is er opið milli 14 og 18 fimmtudaga til sunnudaga og sýningin stendur til 23. apríl.


Ráðhildur Ingadóttir og Biogen á Kjarvalsstöðum

Ég sem í loftið

NÚ stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýningin Veg (g)ir, þar sem listamaður vinnur þrjár vikur á staðnum við að myndskreyta vegg og er opnunarhófið þegar verkinu er lokið og nýr listamaður tekur við. Ráðhildur Ingadóttir myndlistarkona hefur fengið raftónlistarmanninn Biogen til samstarfs við sig og má sjá, og hlusta á, þau vinna daglega á staðnum eina viku enn.

„Ég er að semja á staðnum, svipað og Ráðhildur. Hún semur á veggina og ég sem í loftið," segir Biogen, eða Sigurbjörn Þorgrímsson eins og hann heitir.

„Hún skiptir veggnum í tvennt með fleygboga. Annar helmingurinn er ljósblár og hinn grænbrúnn og svo teiknar hún geometrísk form á bláu hliðina og líkamsmyndir á brúnu hliðina," útskýrir Biogen sýninguna sem þau kjósa að nefna „Óendanlegt rými". „Og þá er markmiðið að búa til óendanlegt rými, hvað sem það nú er. Við reynum að ná niður hughrifum sem við verðum fyrir á staðnum, og svo gefa þau aftur tilbaka út í umhverfið. Við lögðum ekki upp með neitt ákveðið og við gefum okkur andrúmsloftinu á vald, og sjáum svo hvernig fólk tekur túlkun okkar."



Morgunblaðið/Jim Smart

Biogen og Ráðhildur eru að vinna á Kjarvalsstöðum.

– En áhrif frá hvort öðru?

„Jú, við verðum fyrir þeim og það hefur gengið vel því við höfum verið hreinskilin hvort við annað."

Biogen hefur áður samið tónlist til að spila undir á myndlistarsýningum. „En þetta er í fyrsta skipti sem ég er á staðnum að semja og að það er einhver alvara í því."

– Hvernig finnst þér að semja á Kjarvalsstöðum?

„Það er mjög gott að fara í annað umhverfi, þótt það yrði sjálfsagt letjandi til langframa að hafa fólk yfir öxlinni á sér. En mér finnst ég hafa fengið nýja sýn á það sem ég er að gera með því að fólk sem tilheyrir ekki þessum raftónlistarheimi er að nálgast mann. Það gefur mér góða sýn á verkið."

– Ertu búinn að semja eitthvað sem þú getur notað í framtíðinni?

„Já, og finna nýjar leiðir til að vinna með það efni sem ég er með. Ég á eftir að setja þetta saman í einhvern heildrænan búning á lokuninni eftir viku," segir Biogen sem er með Ráðhildi daglega á Kjarvalsstöðum.

Að örva heilastarfsemi til sköpunar

ÓLÖF Björnsdóttir er með sýningu í Gallerý i8 sem lýkur nú um helgina. Á opnuninni nuddaði Ólöf sýningargesti og er öll sýningin tengd nuddinu eða „betrunarkreistinu", sem listakonan er þekkt fyrir.

Annars býr Ólöf í London og tók Morgunblaðið tölvupóstsviðtal við hana um lífið og listina þar og víðar.

Samskiptatæki á mörgum sviðum

SPURNING: Hvernig er sýningin í i8 og hverju viltu ná fram með nuddinu?

SVAR: Sýningin í i8 er fyrsta einkasýning mín á Íslandi. Ég hef þó verið með uppákomur ein áður, t.d. í Gallerí gúlp! þegar ég sýndi þar „Tanngarð".

Með því að nudda er ég að örva blóðrásina upp í heila og vonandi að auka og örva heilastarfsemina til sköpunar. Þessu reyni ég að ná fram með því að losa um streytu og stíflur í öxlum nuddþegans. Ég næ að tala náið við fólk sem hefur áhuga á að kynnast því betur sem ég er að fara. Þannig verður þetta tæki til að hafa samskipti við fólk á mörgum sviðum.

Öðrum gestum er boðið upp á að horfa á þann „metamorfíska" skúlptúr sem myndast þegar tvær manneskjur sameinast í sértilbúnum búningi sem tilheyrir verkinu.


Það sem ég er að gera er ekki „performance" heldur frekar uppákoma þar sem ég skapa einskonar tungumál til að miðla hugmyndum mínum áfram.

Fólk hefur yfirleitt tekið þessu verki vel og skilið það. Færri hafa tekið því vel án þess að skilja það, en fáir tekið því illa, og ég fæ svipuð viðbrögð hvort sem er í London, á Íslandi eða nú síðast í Portúgal.

Stafræn tölvutækni í dansi

SPU: Hvað varstu að gera í Portúgal? SVAR: Ég tók þátt í framhaldi af „NON STOP OPENING" sýningunni sem ég var með í hér í London í fyrra. Þetta er samsýning listamanna sem flestir eru frá London og núna bættust nokkrir frá Lissabon í hópinn.

Ég var mjög ánægð með Portúgal og það var mikið um að vera þessa viku sem ég var í Lissabon, en fyrir utan sýninguna okkar var mikil leikhús- og danshátíð í gangi. Þar vöktu mikla athygli tveir hópar; einn sem notar stafræna tölvutækni og teiknipróg-ram til að framkalla margræð áhrif í danssýningum sínum og annar sem var með gömlu Oxtorbrelluna; að gera áhorfendur að stjörnum eitt kvöld, með því að láta þá stíga á flóðlýst svið undir tónfataki.



Ólöf framkvæmir Betrunarkreist IV, 1999.

Ekki leiðst í eina mínútu

SPURNING: Hvernig er að vera listakona í London?

SVAR: Hér í London er mikið listalíf; margt spennandi að gerast, og þegar eitthvað gott berst hingað spyrst það fljótt út. Fólk er mjög vel með á nótunum og mikil gerjun í myndlist. Ef fólk kemur utan frá eru árlega sýningar sem listamenn alls staðar að geta sótt um að taka þátt í, t.d. East samsýningin í Norwich.

Það er samt trúlega alltaf erfiðara ef fólk hefur ekki verið í skóla hér í London, því maður þekkir mann. Það hjálpar mér líka að ég var tvö ár í MA-námi í Goldsmiths College í suðurhluta London. Það sem hefur hvað helst hrifið mig nýlega er sýning Mike Nelson sem stendur nú yfir í Matts Gallery.

Í ICA á Mall eru oft góðir fyrirlestrar og sýningar og í augnablikinu er þar mjög áhugaverð myndlistarsýning. Ég get ekki sagt að mér hafi leiðist eina mínútu þau þrjú ár sem ég hef búið hér – ekki frekar en þegar ég horfði á kvikmyndina Sjö samurai um árið!! Það er frekar að það sé of mikið í gangi.

Það eru mörg áhugaverð gallerí hér sem sýna spennandi myndlist. Mörg þeirra eru í East End, en ákveðið hverfi þar er orðið vettvangur mest spennandi listamannanna. Það má nefna Showroom og The Approach í Bethnal Green, The Nunnery í Bow, Vilma Gold og svo Gasworks í Vauxhall og Salon 3 í Elephant & Castle en það síðastnefnda hefur skandinavíska listamenn á sínum snærum.

Í augnablikinu er ég með sýningu í Zwemmers Gallery sem er staðsett á Lichtfield Street við Charing Cross Road. Þar sýnir Lopameyja sig í sjónvarpinu. (Lopameyja er „alterego" mitt, sem flutti með mér til London fyrir 3 árum. Hún er framsækin listakona í þjóðlegum dúr, askvaðandi um í lopasamfellu á spariskóm). Sú sýning endar í lok mánaðarins. Það eru einnig myndbönd með Lopameyju ásamt fleiri myndbandsverkum í Levís búðinni á Oxford Street, svo hún kemur víða við, jafnvel á ferðamannaslóðum.

Það sem framundan er hjá mér er að mér hefur verið boðið að sýna í Berlín verkefni sem kallast Hard? Candy, þar sem ég mun sýna ljósmyndaverk. Svo er „Multiple-3" sýningin enn í gangi í Temple Bar Gallery í Dublin, þar sem hægt er að kaupa verkin, jafnvel gegnum póstkröfu. Þar sýni ég „frætrefil" og árituð lopameyjuportrett.

Stjarna er fædd

Á MORGUN, kl. 20 opna Melkorka og Sissa sýningu í Gallerí nema hvað á Skólavörðustíg. Sýningin ber yfirskriftina Stjarna er fædd sem vísar í mynd Barbra Streisand, „A Star Is Born" og segir Melkorka sýninguna að vissu leyti undir áhrifum frá Streisand og Helmut Newton. „Við erum með ljósmyndir og vídeóverk á sýningunni, Sissa tekur ljósmyndirnar og ég vídeóverkin," úskýrir Melkorka. „Ljósmyndirnar eru af mér og vídeóin eru líka af mér en sýningin heitir Stjarna er fædd og við erum undir áhrifum frá myndinni „A Star Is Born". Svo er svona Helmut Newton-andi yfir ljósmyndunum."

Þetta er í fyrsta sinn sem Melkorka og Sissa sýna saman og eru allir boðnir velkomnir í Gallerí nema hvað annað kvöld en sýningin stendur í tvær vikur.

Líkamsástand listamanns

ÖRN Helgason myndlistarmaður verður með gjörning í Tökuhúsinu á laugardaginn kl. 21. Hann verður með beina útsendingu frá efri hæð hússins niður á miðhæðina þar sem áhorfendur munu sitja.

Uppi ætlar hann að loka sig af og munu áhorfendur fylgjast með Erni frá sérstöku sjónarhorni; en myndirnar sýna hann að innan og líkamstarfsemi hans.

Brynjólfur Sverrisson rafsegulmælingamaður mun mæla Örn, með sérstakri þartilgerðri myndavél.

Einnig hefur listamaðurinn fengið lánað frá Landspítalanum gömul tæki sem mæla hjartslátt, púls, súrefni í blóðinu og sýna útkomuna á mónítór.

Þýskir strandaglópar

Í GALLERÍI Geysi, Hinu húsinu v/Ingólfstorg, opna tveir þýskir ferðamenn, sem eru strandaglópar á Íslandi, sýningu nk. laugardag á milli kl. 16.00.–18.00.

Þau heita Thorgis Hammerfelt og Eva Friedenschutz. Thorgis hefur stundað nám við Gedachtuisverbreiterungsschule der DDR, en Eva við Steuermannsschule í Leipzig, og ætla þau að vera með verk sem er blanda af innsetningu og gjörningi.

Þau hafa verið föst á Patreksfirði þar sem þau hafa starfað við fiskvinnslustörf, en eru nú komin til Reykjavíkur og eru að safna fyrir farmiðunum heim.

Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 9.00.–17.00. og stendur frá 1.4.–16.4. 2000.